



Selfossi, 23.9.2025

Fundargerð stjórnar

29. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn miðvikudaginn 23. september 2025, kl. 15:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Árni Eiríksson, Bragi Bjarnason, Lárus Kristinn Guðmundsson, Pétur Pétursson og Heiða Ösp Árnadóttir sem ritaði fundargerð.

1. **Kaup BÁ, á hluta húsnæðis BFÁ við Árveg 1. Verðmat.**

Pétur fór yfir málið með stjórn en stjórn hafði falið slökkviliðsstjóra á stjórnarfundum í júní síðastliðnum að fá óháðan aðila til þess að verðmeta eignarhlutann sem fyrirhugað er að festa kaup á. Fasteignasalan Byr tók að sér málið og var þeirra mat talsvert lægra en verðlagning BFÁ. Stjórn samþykkir að halda áfram samræðum m.v. upphaflegt verð frá BfÁ.

2. **Viðbótar mönnun á kvöldvakt á slökkvistöðinni á Selfossi vegna aukinnar umferðar og þar með lengri viðbragðstíma slökkviliðs.**

Pétur fór yfir viðbragðstímagreiningarkort sem unnin voru af Samsýn fyrir BÁ. Á þeim kemur glögglega fram hversu viðbragðstími er orðinn langur utan dagvinnutíma í Árborg vegna stækkandi byggðar og aukinnar umferðar. Pétur leggur til að ráðnir verði inn tveir menn til viðbótar til þess að manna kvöldvaktir á virkum dögum sem myndu standa frá klukkan 16:00 – 00:00. Með þessu yrði ekki töf á viðbragi dælubíls og búnaðar. Hlutastarfandi menn kæmu svo í kjölfarið til þess að manna þær stöður sem manna þarf. Stjórn samþykkti tillögu slökkviliðsstjóra vegna fjárhagsáætlunar 2026 og fól slökkviliðsstjóra að útfæra þessar vaktir.

3. **Framkvæmdaáætlun fjárhagsáætlunar.**

Framkvæmdaáætlun fjárhagsáætlunar BÁ var rædd og framkvæmdum vegna ára 2034 og 2035 bætt við. Viðbætur við framkvæmdaráætlun voru samþykktar af stjórn.

4. **Stofnskjal verkefnisins „Slökkvistöð á Borg í Grímsnesi“.**

Pétur fór yfir fundi nefndar um byggingu slökkvistöðvar á Borg í Grímsnesi. Stofnskjal verkefnisins liggur nú fyrir og var lagt fyrir stjórn BÁ til samþykktar. Stofnskjalið verður lagt fyrir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, stjórn Hjálparveitarinnar Tintron og stjórn Brunavarna Árnessýslu. Stjórn BÁ er samþykk stofnskjalinu og felur slökkviliðsstjóra BÁ að undirrita það fyrir hönd BÁ.

5. **Staða fjárhagsáætlunar BÁ vegna ársins 2026.**

Pétur fór yfir stöðuna á fjárhagsáætlun BÁ en verið er að leggja lokahönd á áætlunina. Stjórn fól slökkviliðsstjóra að vinna í nokkrum liðum. Áætlun verður lögð aftur fyrir stjórn að viku liðinni.

6. **Önnur mál.**

Pétur fór yfir stöðu starfsmannamála stofnunarinnar.

Fleira ekki gert.
Fundir slitið kl. 16:00

Undirritunarsíða

Formaður stjórnar
Helgi Kjartansson

Slökkviliðsstjóri
Pétur Pétursson

Árni Eiríksson

Bragi Bjarnason

Fjóra Steindóra Kristinsdóttir

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Varaslökkviliðsstjóri
Lárus Kristinn Guðmundsson

Fundarritari
Heiða Ösp Árnadóttir